

19. apríl 2011

Fundur nr. 51

Fundur haldinn hjá UMFÞ þriðjudaginn 19. apríl 2011 kl. 19:30 í íþróttahúsinu Vogum.

Mættir eru: Björn G. Sæbjörnsson, Kristján Árnason, Heiða Elísdóttir, Sandra Helgadóttir, Dagbjört Ásgeirsdóttir og Inga Sigrún Atladóttir (framkvæmdastjóri).

1. Farið yfir fundagerð síðasta fundar

Fundagerðin samþykkt. Lauslega farið yfir samanburð á styrkjum til íþróttafélaga frá nágrennabæjarfélögum Voga, þ.e. Grindavík, Reykjanesbær, Sandgerði og Garður.

2. Foreldrafélagið

Tillögur lagðar fram um að stofna foreldrafélag þróttar og hafa tengiliði þar útfra inn í önnur foreldrafélög. Ákveðið er að Heiða sé tengiliður stjórnar Þróttar og foreldrafélagsins. Konur í foreldrafélagi sundeildarinnar eru Steinunn, Helena og Dagbjört og mun Dagbjört vera tengiliður sundeildarinnar og stjórnar þróttar. Inga Sigrún mun boða foreldrafélagið á fund miðvikudaginn 4. maí og þá munu m.a. þessi málefni vera rædd frekar.

3. Styrkir frá Bláa lóninu

Kannaðir hafa verið styrkir frá bláa lóninu til UMFÞ og eru þeir veittir í formi aðgangskorta ofan í bláa lónið að verðmæti 400.000 kr. Kortin verða seld íbúum Voga en tillögur komu fram að ef það gengi ekki eftir, eða afgangur yrði af kortunum, yrðu kortin seld á fjölskyldudaginn eða gefin í vinninga á uppskeruhátíð UMFÞ. Ákveðið að framkvæmdarstjórinn gengi frá þessum málum.

4. Þvottur á keppnisbúningum UMFÞ

Tillögur um að foreldrafélagið skipti á milli sín að þvo keppnisbúninga þróttar í formi fjáröflunar þ.e. að þvottur greiðir foreldrafélaginu fyrir þvottinn. Greiðslan verður sú sama og hefur verið áður þegar einstaklingum var greitt fyrir þvottinn.

5. Foreldrahandbókin - siðareglur

Stjórn les foreldrahandbókina og siðareglur yfir og sendir á framkvæmdarstjóra ásamt athugasemdum. Tillögur um að siðareglurnar tilheyri foreldrahandbókinni.

6. Önnur málefni

Heiða Elísdóttir leggur fram tillögu er varðar páskafrí íþróttagreina innan UMFÞ. Hún leggur til að páskafríið nái eingöngu yfir páskavíkuna og að íþróttaiðkun hefjist að nýju næsta miðvikudag eftir páska á sama tíma og skólinn byrjar eftir páskafrí. Ákveðið að framkvæmdarstjóri ræði við Vignir um þessi málefni.

Formaður lagði fram tillögu um að koma drengjum sem búa í Vogunum að í meistaraflokk fótboltans. Flestir sem æfa með meistaraflokk UMFÞ eru ekki íbúar sveitafélagsins og í tillögunni felst að íbúar sveitafélagsins hafi forgang. Stjórn

samþykkti tillöguna og ákveðið að framkvæmdastjóri hafi samband við Hilmar og biðji hann um að koma og skoða þá stráka sem vilja komast að í meistaraflokknum.

Tillögur um að bjóða upp á fleiri íþróttagreinar næsta haust og þannig nýta þær góðu aðstöður sem við höfum upp á að bjóða. Ákveðið að bjóða upp á batminton þar sem Sandra verður tengilliður og grunnkennsla í fimleikum fyrir yngstu krakkana. Ákveðið að kynna allar greinar næsta haust með heimsókn í grunnskólann og auglýsingum í hús. Einnig var lögð fram tillaga um að bjóða upp á íþróttagreinar fyrir eldra fólk s.s. jóga.

Framkvæmdastjóri tilkynnti að yngsti flokkurinn í sundi verður lagður niður vegna dræmrar mætingar.

Framkvæmdastjóri kemur fram beiðni Kristinns Þórs um fleiri körfuboltatíma í salnum. Ákveðið að hann fái tvo tíma í viku í stað einnar klukkustundar.

Tekin fram tillaga fyrverandi stjórnar um að tala við bókasafnsvörðinn í Stóru-Vogaskóla um að búa til blað fyrir afmæli UMFÞ á næsta ári. Blaðið á að fjalla um sögu UMFÞ.

Formaður leggur fram tillögu um að nýta rétt stjórnarinnar um námskeið í fundagerð, og ýmislegt sem því við kemur, sem UMFÍ biður uppá. Tillagan er samþykkt og framkvæmdarstjóri falið að skoða styrki frá UMFÍ

Fleira ekki rætt og fundi slitið klukkan 21:00